

Á norðurslóðum

Margrét Guðnadóttir hönnuður og Dýrleif Torfadóttir skartgripahönnuður verða fulltrúar Íslands á sýningunni 55° north - modern Nordic crafts sem verður opnuð í Sívalaterninum í Kaupmannahöfn í dag. Sýningin er á vegum dönsku handverkssamtakanna Kys Frøen.

Á sýningunni má finna trémuni, keramik- og glermuni, fjölbreytilegan vefnað og skartgripi, en skipuleggjendurnir segja listamennina sækja innblástur í norræna menningu, birtu og náttúru.

Margrét, sem er þekkt fyrir spiladósir sínar, mun sýna töskur

og lampa sem hún



Margrét á heiðurinn að þessum spiladósum.

hefur hannað úr tágum. „Mér og Dýrfinnu Torfadóttur var boðið að taka þátt í sýningunni og auðvitað þáðum við það,“ sagði Margrét full tilhlökkunar þegar blaðamaður náði tali af henni.

Allar nánari upplýsingar um sýninguna má finna á www.55north.org.

